

REGLUGERÐ

um hækkun vergra tekna til skatts til takmörkunar á nýtingu persónuafsláttar til greiðslu útsvars.

1. gr.

Hjá skattþegnum, sem vinna við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal áður en ákvæðum 3. mgr. B-liðar 25. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum er beitt, hækka vergar tekjur til skatts um þá upphæð, sem tekjur af þessum störfum eru lægri en ætla má að laun þessara aðila, miðuð við vinnuframlag þeirra, hefðu orðið ef þeir hefðu unnið starfið í þágu óskylds aðila.

2. gr.

Ríkisskattstjóri skal í þessu sambandi árlega setja skattstjórum meðaltalsviðmiðunarreglur um tekjur í hinum ýmsu atvinnugreinum. Skal þar miðað við hvað ætla má að heilsárslaun í viðkomandi atvinnugrein hefðu numið ef starfið hefði verið innt af hendi í þágu annars aðila. Má þar m.a. hafa til hliðsjónar hæstu kaup-taxta skv. samningum stéttarfélaga við atvinnurekendur í þeim starfsgreinum þar sem slíkir samningsbundnir kauptaxtar eru til með breytingum vegna kaupgjaldsvísitölu og að viðbættu hæfilegu álagi vegna framkvæmdastjórnar atvinnurekandans. Viðmiðunartekjur bónda og konu hans skulu vera hinar sömu og gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða hverju sinni.

Nú gilda engir kauptaxtar skv. framansögðu í einhverri atvinnugrein og má þá hafa hliðsjón af kauptaxta þeirrar atvinnugreinar sem telja má að henni sé líkust.

3. gr.

Skattstjóri ákvarðar síðan hækkun á vergum tekjum til skatts með hliðsjón af viðmiðunarreglum ríkisskattstjóra eftir aðstöðu gjaldandans á hverjum stað og tíma, umfangi starfsins og öðrum atriðum, er máli skipta svo sem elli, örorku eða sjúkleika gjaldandans.

Vinni maður við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hluta af skattárinu skal hækkun vergra tekna til skatts ákveðin í hlutfalli við þann tíma.

Nú nýtur maður fastra launa frá öðrum en stundar jafnframt sjálfstæða starfsemi, svo sem lækningar, lögfræðistörf, endurskoðun, verkfræðipjónustu eða arkitektastörf, og skal þá ákveða hækkun vergra tekna hans til skatts vegna vinnu í eigin þágu með hliðsjón af þeirri skerðingu sem telja má að hið launaða starf hafi valdið á tekjum af sjálfstæðri starfsemi hans, enda séu föstu launatekjurnar a.m.k. $\frac{1}{4}$ af samanlögðum launatekjum og nettótekjum af atvinnustarfseminni.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 20 5. maí 1976, öðlast gildi þegar í stað og kemur til framkvæmda við álagningu skatta fyrir skattárið 1975.

Fjármálaráðuneytið, 30. maí 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.